

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 395/1989. **Hafþór Svavarsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Eggerti Árna Gíslasyni,

Gunnari Þór Gíslasyni og

Halldóri Páli Gíslasyni persónulega

og vegna Salathússins sf.

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og að stefndu, Eggert Árni Gíslason, Gunnar Þór Gíslason og Halldór Páll Gíslason persónulega og vegna Salathússins sf., verði dæmdir óskipt til að greiða sér 1.248.581 krónu auk ársdráttarvaxta sem hér greinir: af 48.581 krónu 44,5% frá 18. apríl 1988 til 1. maí s.á. og 44,4% frá þeim degi til 3. maí s.á., en af 1.248.581 krónu 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvexti megi leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en 25. september 1990 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að viðurkenndur verði réttur þeirra til að rifta kaupsamningi aðila frá 16. apríl 1988 að hluta, þannig að riftun taki til dælu í sósuhrærara, salathrærara og salatpökkunarvélar, að verðmæti

samtals 1.260.000 krónur. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Í kaupsamningi aðila er hinu selda lýst þannig:

„Lausafé og vélar sem notaðar hafa verið við rekstur Salat-Gæða, þar með talið:

Salathrærari, sósuhrærari og salatpökkunarvél úr smiðju Sigurðar Kristinssonar, Kessel-hrærivél, Vulcan-hrærivél, Halldegrænmetiskvörn með fylgihlutum, kæli, kælipressa, frystikista, vigt, 2 merkibyssur, 30 kassar úr harðplasti, 11 plastbalar, skrifborð, kaffiborð, 4 stólar, kaffivél.

Uppskriftir að „hrásalati“ og „sælkerasalati“ sem Salat-Gæði hefur framleitt.“

Af framanskráðri upptalningu verður sú ályktun dregin, að eingöngu hafi verið seld tæki og munir úr rekstri áfrýjanda auk uppskrifta að salati.

Í kaupsamningnum er ekki tilgreint verðmæti einstakra tækja og muna, og eiginleikum þeirra eða ástandi er ekki lýst sérstaklega, þegar frá er talin salatpökkunarvél, en um hana segir eftirfarandi:

„Við afhendingu skal pökkunarvélin geta pakkað allt að 900 bökkum af „hrásalati“ eða „sælkerasalati“ á klukkustund, þannig að að jafnaði fari 390 grömm í hvern bakka, svo að ekki skeiki meira en 5% í hverjum bakka, ekki skuli fleiri en 20 tómir bakkar komast í gegnum pökkunina á klukkustund og ekki skuli meira en 2% af salatinu fara forgörðum í pökkunarvélinni ...“

II.

Þegar oftsinnis, en árangurslaust hafði verið reynt að lagfæra galla á salatpökkunarvélinni, eftir að hún var afhent kaupanda, leituðu stefndu til Iðntæknistofnunar Íslands og báðu um athugun á vélinni og fylgibúnaði hennar. Í umsögn dr. Einars Matthíassonar, deildarstjóra við stofnunina, frá 19. ágúst 1988 segir meðal annars: „... Ljóst er, að skömmtunarbúnaðurinn hefur ýmsa vankanta:

a) Áfylling salats í ílát.

Platan með hæðarskynjaranum vill loða við salatið. Þetta gerir það að verkum, að þegar armurinn, sem heldur ílátinu,

færist niður að lokinni skömmun, hangir ílátið eftir. Þegar armurinn snýst í næstu stöðu, klemmist ílátið síðan á milli plötunnar og armsins. Við áfyllingu rennur salatdressingurinn yfir áfyllingarplötuna. Þaðan rennur hann síðan eftir áfyllingu út yfir kanta ílátsins og sóðar út bæði ílátin og tækjabúnaðinn.

b) Mötun íláta á færiarm.

Þegar tækjabúnaður stoppar vegna óhapps, er hætta á, að fleiri en einn bakki í einu matist á færiarm, þegar farið er af stað að nýju. Einnig hendir það, að ílátið losnar aðeins öðrum megin og klemmist, þegar armurinn snýst.

c) Aflosun fylltra íláta.

Gaffallinn á keðjufæribandinu, sem tekur ílátin af færiarminum, getur stöðvast í þeirri stöðu, að armurinn rekist á hann, þegar aftur er farið í gang. Í sumum tilfellum fer keðjufæribandið ekki aftur af stað, svo að ílátin með salatinu sátu eftir og klemmdust í vélinni.

Heildarmat.

Að mati undirritaðs gegnir skömmunarvélina ekki því hlutverki, sem henni er ætlað, miðað við núverandi ástand hennar. Ýmsir hönnunargallar eru til staðar, sem gera það að verkum, að hætta á stöðvun og skemmdum á vöru vegna óhappa er mikil og áreiðanleiki hennar í framleiðslu því óviðunandi.“

III.

Með skírskotun til þessarar umsagnar opinberrar rannsóknarstofu, sem áfrýjandi hefur í engu hnekk, er sannað, að umrædd salatpökkunarvél var með verulega galla. Voru því skilyrði til þess, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, að kaupandi rifti kaupsamningi aðila, að því er hana varðaði og salatrærara, en af gögnum málsins verður ráðið, að þessi tæki hafi myndað tækjasamstæðu, svokallaða pökkunarlínu.

Af hálfu stefndu hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á, að skilyrði hafi verið til að rifta kaupsamningnum að öðru leyti, en ósannað er, að dæla í sósuhrærara hafi verið ónýt eða gölluð.

Fallist er á þá ályktun í héraðsdómi, að riftunarkrafa hafi komið fram nægilega fljótt.

IV.

Meðal gagna málsins er skrá yfir þau tæki og muni, sem kaupsamningur aðila tók til, ásamt verðlagningu þeirra. Skrá þessi, sem er komin frá stefndu, hljóðar þannig:

„EIGNIR SEM AFHENTAR HAFNA VERIÐ:

Sósuhrærari með ónýtri dælu	kr. 120.000	
Kessel-hrærivél	—	19.500
Vulcan-hrærivél	—	19.500
Hallde-grænmetiskvörn	—	9.000
250 l frystikista	—	20.500
Kælipressa og viðtæki	—	60.000
Kæliklefi	—	23.000
Tvöfaldur stálvaskur	—	6.700
11 plastbalar	—	16.500
22 fiskikassar	—	55.000
Skrifborð	—	3.000
Hjólaborð	—	2.000
Borð í kæli	—	2.000
Kaffiborð og stólar	—	2.500
Önnur smááhöld ótilgreind	—	30.000
Uppskriftir 2x25000	—	50.000
		Kr. 440.000(?)

GALLAÐAR VÖRUR SEM

HAFNAÐ ER:

Dæla í sósuhrærara	60.000	
Salathrærari	500.000	
Salatpökkunarvél	700.000	Kr. 1.260.000
		Kr. 1.700.000“(?)

Skráin var borin undir áfrýjanda við yfirheyrslu á bæjarþingi Kópavogs. Taldi hann upptalningu tækja og muna á henni vera efnislega rétta og í samræmi við kaupsamninginn.

V.

Aðila greinir mjög á um verðmæti einstakra tækja og muna. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram til að leiða í ljós raunverulegt verðmæti þeirra, svo sem mat dómkvaddra manna. Verð-

lagning salatpökkunarvélar og salathrærara var borin undir Sigurð Kristinsson, hönnuð og framleiðanda tækjanna, er hann gaf vitna-skýrslu í málinu. Taldi hann, að eðlilegt verð salatpökkunarvélarinnar ógallaðrar væri 600.000 til 800.000 krónur og ekki fjarri lagi, að verðmæti salathrærarans væri 500.000 krónur. Þetta verðmat er í engu samræmi við reikninga Sigurðar til áfrýjanda frá því í mars 1987 og apríl 1988 varðandi þessi tæki, en reikningar þessir voru lagðir fram í Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er þannig háttað, að nauðsynlegt var, að aflað yrði viðhlítandi gagna um þetta ágreiningsefni, sem er annar höfuðþáttur málsins. Nauðsyn þess var augljós. Þar sem þetta fórst fyrir, verður að ráða til lykta að álitum verðlagningu þeirra tækja, sem riftun stefndu nær til, og þá með hliðsjón af þeim takmörkuðu upplýsingum, sem við er að styðjast í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum að lækka verðmat stefndu á salathrærara og salatpökkunarvél í 1.050.000 krónur.

Með vísan til þess, sem áður sagði um dælu í sósuhrærara, verður krafa stefndu um 60.000 króna frádrátt vegna hennar ekki tekin til greina.

Gagnkrafa áfrýjanda, að fjárhæð 48.581 króna, er ekki vefengd.

VI.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins í fyrsta lagi sú, að viðurkenndur er réttur stefndu til riftunar á kaupsamningi aðila frá 16. apríl 1988, að því er tekur til salatpökkunarvélar og salathrærara, samtals að fjárhæð 1.050.000 krónur. Í öðru lagi verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda óskipt 198.581 krónu með vöxtum frá birtingardegi héraðsstefnu og að öðru leyti eins og í dómsorði greinir. Fjárhæð þessi sundurliðast þannig:

Umsamið kaupverð	kr. 1.700.000
Frá dregst verðmæti salatpökkunarvélar og salathrærara	— 1.050.000
	Kr. 650.000
Við bætist gagnkrafa áfrýjanda	— 48.581
	Kr. 698.581
Frá dregst innborgun stefndu	— 500.000
	Kr. 198.581

Eins og háttað er málalilbúnaði af hendi beggja málsaðila, er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjaf-sóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs málflutningsmanns hans, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 70.000 krónur. Við ákvörðun þeirra er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Viðurkenndur er réttur stefndu til riftunar á framan-greindum kaupsamningi frá 16. apríl 1988, að því er tekur til salatpökkunarvélar og salathrærara.

Stefndu, Eggert Árni Gíslason, Gunnar Þór Gíslason og Halldór Páll Gíslason persónulega og vegna Salathússins sf., greiði áfrýjanda, Hafþóri Svavarssyni, 198.581 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. október 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun málflutningsmanns hans, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 70.000 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 13. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. júní sl. að loknum munnlegum mál-flutningi, er höfðað af Salathúsinu sf., Stigahlíð 91, Reykjavík, gegn Hafþóri Svavarssyni, Lundi 3 við Nýbýlaveg, Kópavogi.

Dómkröfur aðila.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að staðfest verði riftun stefnanda með ábyrgðarbréfi, dagsettu 23.8. 1988, á kaupsamningi stefnda og stefnanda, dagsettum 13. apríl 1988, um kaup á salatgerðarvél og hlutum tengdum henni og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 727.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að kaupsamningi stefnanda og stefnda, dags. 13. apríl 1988, yrði rift að hluta, þannig, að rift yrði kaupum stefnanda á eftirtöldum hlutum kaupsamningsins:

Dæla í sósuhrærara	kr.	60.000
Salathrærari	—	500.000
Salatpökkunarvél	—	700.000
Samtals	kr.	1.260.000

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 104.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur hæfilegur afsláttur af kaupverði hinna seldu muna samkvæmt kaupsamningi aðila, dagsettum 13.4. 1988, að mati dómsins og að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu á hluta 500.000 króna innborgunar, verði afsláttur dæmdur svo mikill, og skaðabóta, að fjárhæð 227.600 kr., auk dráttarvaxta frá 29.6. til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, söluskatts og vaxta af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá hefur hann mótmælt varakröfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Stefndi hefur höfðað gagnsakarmál, sem þingfest var 24. nóvember 1988, og var það sameinað aðalsök.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess, að þeir Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119, Barónsstíg 55, Reykjavík, Halldór Páll Gíslason, kt. 280464-4149, Stigahlið 91, Reykjavík, og Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759, Stigahlið 91, Reykjavík, persónulega og f. h. Salathússins sf., kt. 670488-1609, Stigahlið 91, Reykjavík, verði dæmdir in solidum til að greiða 1.248.581 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Kröfur gagnstefndu í gagnsök eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnstefnanda til greiðslu á 1.200.000 kr. auk vaxta, en samþykktur verði skuldajöfnuður vegna 48.581 kr. auk vaxta við kröfu Salathússins sf. í aðalsök. Þá er krafist sýknu á málskostnaðarkröfu gagnstefnanda, en hann verði dæmdur til að greiða gagnstefndu málskostnað í gagnsök.

Málavextir.

Aðalstefnandi lýsir málavöxtum svo, að 16. apríl 1988 hafi málsaðilar gert með sér kaupsamning, þar sem Salathúsið sf. hafi keypt af aðalstefnda salathrærara, sósuhrærara og salatpökkunarvél úr smiðju Sigurðar Kristinssonar ásamt ýmsum fylgihlutum, sem nánar eru tilgreindir í kaupsamningi aðila. Kaupverð hafi verið 1.700.000 kr., og hafi 500.000 kr. verið greiddar við undirritun, en aðrar greiðslur hafi átt að vera 250.000 kr. með vixli á gjalddaga 16.7. 1988, 250.000 kr. með vixli á gjalddaga 16.10. 1988,

230.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.12. 1988 og 230.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.2. 1989, 240.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.4. 1989, samtals 1.700.000 kr. Fram hefur komið, að víxlarnir hafi ekki verið afhentir.

Hinn 3.5. 1988 hafi salatpökkunarvélin verið flutt í vinnslusal Salathússins sf. að Hávallagötu 17, Reykjavík. Daginn eftir hafi vélin verið reynslu- knúin til úttektar, og hafi þá komið í ljós, að hún hafi ekki starfað eins og hún hafi átt að gera. Viðstaddir þessa prófun hafi verið auk aðalstefn- anda aðalstefndi og Sigurður Kristinsson, hönnuður vélarinnar. Það, sem helst hafi reynst að vélinni, var, að hún hafi ekki skammtað rétt í boxin, box hafi flækst í vélinni, auk þess sem salat hafi sullast út fyrir og gert boxin óþrífaleg, svo að þurrka þurfti af þeim með tusku á eftir pökkun. Eftir fyrstu prófun vélarinnar hafi hún verið flutt í smiðju Sigurðar Kristinssonar til viðgerðar og síðan aftur til Salathússins sf. og reynd að nýju, en allt hafi komið fyrir ekki. Vélin hafi ekki reynst eins og um hafi verið samið.

Alls hafi vélin verið flutt fimm sinnum úr húsnæði Salathússins sf. í smiðju Sigurðar Kristinssonar til viðgerðar, 5.5. 1988, 12.5. 1988, 19.5. 1988, 2.6. 1988 og 23.6. 1988. Auk þessa hafi Sigurður Kristinsson í fjórgang þurft að taka „skömmunarstykki“ úr vélinni heim í smiðju sína til viðgerð- ar, 25.5. 1988, 8.6. 1988, 15.6. 1988 og 29.6. 1988.

Af hálfu aðalstefnanda hafi verið kvartað við aðalstefnda þegar í stað, er í ljós hafi komið, að vélin hafi ekki verið í lagi og að hún stæðist ekki úttekt, enda hafi prófunin farið fram á vegum seljanda vélarinnar, sem hafi oftast verið viðstaddur. Einnig hafi aðalstefnda verið gert kleift að koma vélinni í lag, sem ekki hafi enn reynst unnt. Þar sem aðalstefnendur hafi verið orðnir mjög þreyttir á ástandinu, eftir að vélin hafði verið flutt fimm sinnum af staðnum og í fjórgang verið tekin úr henni skömmunar- stykki til lagfæringa, hafi verið ákveðið að leita álits Iðntæknistofnunar Íslands á ástandi vélarinnar. Hinn 19.8. 1988 hafi Iðntæknistofnun Íslands skoðað vélina, og hafi hún skilað áliti á fjórum tölusettum blaðsíðum. Í kafla álitsins, sem kallist Heildarmat, standi orðrétt: „Að mati undirritaðs gegnir skömmunarvélin ekki því hlutverki, sem henni er ætlað, miðað við núverandi ástand hennar. Ýmsir hönnunargallar eru til staðar, sem gera það að verkum, að hætta á stöðvun og skemmdum á vöru vegna óhappa er mikil og áreiðanleiki hennar í framleiðslu því óviðunandi.“

Eftir þetta álit Iðntæknistofnunar hafi aðalstefnendum þótt sýnt, að vélin myndi aldrei geta gegnt því hlutverki, sem hún hafi átt að gera samkvæmt samningi málsaðila, og hafi því kaupsamningnum verið rift með ábyrgðar- bréfi til aðalstefnda, dags. 23.8. 1988.

Aðalstefnendur krefjast þess í málinu, að aðalstefndi verði dæmdur til að endurgreiða þær 500.000 kr., sem þeir greiddu aðalstefnda við undir-

ritun kaupsamningsins 16.4. 1988. Einnig krefjast aðalstefnendur skaðabóta, að fjárhæð 227.600 kr., sem þeir sundurliða þannig:

1. Keypt lok til notkunar í pökkunarvél samkvæmt reikningi 366.000 kr., en aðalstefnendur hafa lækkað í 183.000 kr.
 2. Akstur með vélar 27.500 kr. (11x2.500).
 3. Vinna við reynslukeyslu vélanna 17.100 kr. (57x300).
- Samtals 227.600 kr.

Krafist er dráttarvaxta af skaðabótakröfu frá 29.6. 1988, en þá telja aðalstefnendur, að síðast hafi verið flutt eitthvað úr vélinni á verkstæði.

Aðalstefndi lýsir málavöxtum svo, að aðilar málsins hafi gert með sér kaupsamning um ýmis tæki og vélar, sem aðalstefndi hafi notað við rekstur fyrirtækis síns, Salat-Gæða. Um hafi verið að ræða mikinn fjölda alls konar hluta, svo sem hrærivélar, kælitæki, pökkunarvél, vog, plastkassa, innanstokksmuni ýmiss konar, uppskriftir að salötum, einkaleyfi o. m. fl. Umsamið kaupverð hafi verið svo sem aðalstefnendur hafi frá greint.

Hinar seldu eignir skyldi afhenda aðalstefnendum 18. apríl 1988 að undanskilinni salatpökkunarvél, er hafi átt að afhenda eigi síðar en 28. apríl 1988 í ákveðnu, umsömdu ástandi. Aðalstefnendur hafi greitt aðalstefnda 500.000 kr. við undirritun, og skyldu víxlarnir koma til afhendingar við afhendingu salatpökkunarvélarinnar.

Salatpökkunarvélin hafi verið smíðuð af Sigurði Kristinssyni vélsmið, og hafi hún verið algjör nýjung hér á landi. Fyrirsvarsmenn aðalstefnenda hafi skoðað vélina, þegar hún var í smíðum hjá Sigurði, og hafi þeim verið ljóst frá upphafi, að við fyrstu keyrslur á vélinni kynnu að koma í ljós annmarkar, sem sníða þyrfti af henni. Eins og fram komi í bréfi Sigurðar, dags. 8. september 1988, hafi afköst vélarinnar verið í umsömdu ástandi við afhendingu hennar, en mötun í ílát hafi verið áfátt. Hönnuður vélarinnar hafi unnið að því að bæta úr þessu, en það hafi tekið nokkurn tíma, vegna þess að aðalstefnendur hafi aðeins leyft prófun á vélinni í 1½ klukkustund á dag einn dag í viku; að öðrum kosti hefði vélin komist í lag á allra fyrstu dögum. Þremur vikum eftir, að vélin hafi verið afhent, hafi hönnuður aðeins átt eftir að gera lítils háttar breytingar á henni. Því verki hafi þó aldrei tekist að ljúka. Umfangsmikil viðgerð hafi farið fram á húsnæði aðalstefnenda, þar sem vélin hafi verið geymd, og hafi hönnuður þá ekki unnið við breytingar á vélinni. Þegar þeirri viðgerð hafi lokið, hafi lokabreytingar hafist, og hafi hönnuður nánast lokið verki sínu, er honum hafi verið meinaður aðgangur að vélinni á þeirri forsendu, að lyki hann verkinu að fullu, kynni aðalstefndi að bera því við, að vélin hafi verið tilbúin þegar við afhendingu.

Aðalstefnendur hafi þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir aðalstefnda neitað að afhenda víxlana, svo sem um hafi verið samið.

Í málinu hefur komið fram, að Sigurður Kristinnsson smíðaði pökkunarvél þá, sem fjallað er um í máli þessu, að beiðni aðalstefnda. Samkvæmt vitnisburði hans kvaðst hann hafa þreifað sig áfram með verkið, en aðalvandamálið hafi verið að láta vélina vinna þannig, að hún „straujaði“ út í ílátin. Verkið hafi tekið töluverðan tíma. Upphaflega hafi annar hrærari verið smíðaður við pökkunarvélinu. Hafi sá útbúnaður verið með snigildælu, sem verkaði ekki. Síðan hafi annar hrærari verið smíðaður ásamt dælu, og er það sá búnaður, sem nú er notaður við pökkunarvélinu. Ekki hafi verið gerðar neinar prófanir á þeim útbúnaði fyrr en eftir að aðalstefnendur keyptu þessar vörur af aðalstefnda. Aðalstefndi hafi fengið pökkunarvélinu til sín, en þá hafi hún verið með þeim útbúnaði, sem upphaflega var smíðaður. Eðlilegt verð fyrir þessa pökkunarvél ásamt viðeigandi útbúnaði, áætlaði vitnið, að væri um 600-800 þúsund krónur.

— — —

Niðurstöður.

Aðalsök.

Dómendur hafa skoðað vélar og annað lausafé, sem talið er í kaupsamningi málsaðila á dskj. nr. 3. Reynt var að pakka salati með pökkunarvélinni. Tilraunakeyrsla á vélinni skilaði ófullnægjandi pökkun.

Ástand vélarinnar, þegar skoðun dómenda fór fram 9. júní sl., var þannig:

1) Mötun bakka: Innmötunarbúnaðurinn er aðeins gerður fyrir bakka, sem standa nákvæm mál, en ekki er tekið tillit til eðlilegrar ónákvæmni á lögun þeirra. Þetta getur valdið innmötun fleiri en eins bakka á flutningsarminn samtímis.

Gera má ráð fyrir, að vegna ónákvæmni í smíði búnaðarins myndi mötun bakka ekki ganga örugglega, þótt bakkarnir stæðu í nákvæmum málum. Vegna þessa vilja bakkarnir stundum klemmast, þegar þeir sitja að hluta til fastir og armurinn byrjar að snúast.

2) Skömmtnun í bakka: Sökum hönnunargalla er hætt á eyðileggingu bakka við áfyllingu, og mikill sóðaskapur fylgir áfyllingunni ásamt meðfylgjandi skemmdum á hráefni.

3) Aflosun bakka: Samhæfingu milli hreyfinga færiarms og keðjufæribands er mjög áfátt. Þetta veldur í mörgum tilfellum skemmdum á ílátum og eyðileggingu salatsins í þeim.

4) Stýrikerfi: Við hönnun stýrikerfisins er ekki gert ráð fyrir annarri keyrslu á vélinni en sjálfvirkri (engin „manuel funktion“).

Við stöðvun vélar með neyðarrofa keyrir vélin ekki í upphafsstöðu við næsta „start“ (vöntun á „reset“), og kostar það tímafreka handavinnu við innstillingu skynjara.

Með vísan til þessa svo og til skýrslu Iðntæknistofnunar á dskj. nr. 8, sem staðfestir það, sem dómendur sáu við skoðun, verður að teljast ólíklegt, að unnt verði að fá vélina til að fullnægja þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar. En jafnvel þótt það tækist, er það mat dómsins, að þá þyrfti að endursmíða vélina í endanlegt form. Þessi sérstaka vél getur samkvæmt því aldrei orðið annað en tilraunavél (prototypa) og því ekki nothæf í þeim tilgangi, sem kaupsamningur málsaðila gerir ráð fyrir. Við skoðun kom í ljós, að vélin var engan veginn fær um að pakka salati og því síður að fullnægja þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 3. tl. kaupsamnings á dskj. nr. 3.

Í kaupsamningi aðila á dskj. nr. 3 er ekki sundurgreint sérstaklega kaupverð einstakra muna. Ekki verður á það fallist, að salatpökkunarvélin hafi verið óverulegur hluti hins selda, enda verður að meta verðmæti vélarinnar í samræmi við þann vinnusparnað, sem notkun hennar ætti að hafa í för með sér. Engin rök hafa verið leidd að því, að pökkunarvélin hafi einungis verið u. þ. b. 1/12 af heildarverðmæti samningsins, svo sem haldið er fram af hálfu aðalstefnda.

Af hálfu aðalstefnda er viðurkennt, að aðalstefnendum hafi verið ljóst, að hugsanlega þyrfti að bæta úr þeim göllum, sem fram kæmu á pökkunarvélinni, og var þetta reynt í samráði við báða málsaðila. Ekki þykir annað í ljós leitt en aðalstefnendur hafi skýrt aðalstefnda frá því, að þeir vildu rifta kaupunum, þegar er þeim varð ljóst, að ekki reyndist unnt að bæta úr þessum göllum.

Verður því með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, að taka aðalkröfu aðalstefnanda um riftun á kaupsamningi málsaðila til greina og dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda 500.000 kr. vegna riftunarinnar ásamt vöxtum, svo sem krafist er af hálfu aðalstefnanda.

Skaðabótakröfur aðalstefnanda þykja ekki nægjanlega rökstuddar gegn andmælum aðalstefnda. Ekki hefur verið sýnt fram á, að lokin séu einungis ætluð til notkunar í pökkunarvélina, og ekki hafa verið gefnar fullnægjandi skýringar á reikningi á dskj. nr. 12 vegna flutnings á vélum. Verður því ekki unnt að taka skaðabótakröfuna til greina.

Gagnsök.

Þar sem riftun á kaupsamningi aðila hefur náð fram að ganga í aðalsök, hafa skyldur gagnstefndu um að efna samninginn þar með fallið niður, og ber því að sýkna gagnstefndu af kröfu gagnstefnanda um greiðslu á 1.200.000 kr. í gagnsök.

Kröfu gagnstefnanda á hendur gagnstefndu á 48.581 kr. vegna vörubirgða, sem þeir hafi keypt af gagnstefnanda, hefur ekki verið mótmælt af hálfu gagnstefndu, og verður hún því tekin til greina sem skuldajafnaðar-

krafa, sbr. 49. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Málskostnaður.

Í samræmi við niðurstöður málsins í heild þykir rétt, að aðalstefndi greiði gagnaðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr., þ. m. t. söluskattur, ásamt dráttarvöxtum svo sem krafist er.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og með-dómsmennirnir Stefán Magnússon tæknifræðingur og Arnbjörn Eypórsson véltæknifræðingur, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

D ó m s o r ð:

Staðfest er riftun aðalstefnanda, Salathússins sf., 23.8. 1988 á kaup-samningi málsaðila, sem dagsettur er 13. apríl 1988. Aðalstefndi, Hafþór Svavarsson, greiði aðalstefnanda, Salathúsinu sf., 451.419 kr. með 45,6% drv. á ári af 500.000 kr. frá 16.4.1988 til 18.4.1988, en af 451.419 kr. frá þeim degi til 1.5.1988, með 44,4% drv. á ári af sömu fjárhæð frá 1.5.1988 til 1.7.1988, með 52,8% drv. á ári frá þ. d. til 1.8.1988, með 56,4% drv. á ári frá 1.8.1988 til 1.9.1988, með 49,2% drv. á ári frá 1.9.1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Aðalstefndi, Hafþór, greiði aðalstefnanda, Salathúsinu sf., 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, ásamt leyfilegum dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu að telja til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.